


REGLUR um öryggisráðstafanir við vinnu í

LOKUÐU RÝMI



Hvað er lokað rými?

Átt er við rými þar sem hættu getur verið á súrefnisskortri og/eða lofttegundum yfir hættumörkum vegna ófullnægjandi loftræstingar og þar sem aðgengi er erfitt.

Dæmi um lokað rými:

Geymar, katlar, dælurými, eldsneytisgeymar, þurrými, lagnastokkar, súrheysgryfjur, loðnuþrær og kjallarar.

Vinna í lokuðu rými Í upphafi getur þurft að girða svæðið af, setja upp varúðarmerkingar, bannskilti með upplýsingum um hættur og bönn, skilti með nafni og síma verktaka o.fl. Stöðug vakt skal vera yfir starfsmönnum og samskiptareglur vaktmanns og annarra starfsmanna ljósar. Einnig skal vera búnaður við mannop til að ná mönnum upp.

Í reglum eru ýmis önnur ákvæði, m.a.:

Nauðsynlegar öryggisráðstafanir

- hvaða öryggisráðstafanir þarf að gera þegar vinna er fyrirhuguð í lokuðu rými, m.a. er fjallað um hættumat, nauðsynlegar upplýsingar um efni og mengun, mælingar (m.a. á súrefni) o.fl.

Eldhætta

- ákveðin skilyrði eru sett þar sem eldhætta er til staðar, m.a. um brunavörslu, reykköfunartæki, fatnað, skó, verkfæri o.fl.

Hlutfall súrefnis


- hvert skal hlutfall súrefnis í lokuðu rými vera til að þar megi vinna.

Hreinsun - hvernig hreinsun skal fara fram og við hvaða skilyrði.

Heimild til vinnu í lokuðu rými

Atvinnurekandi eða fulltrúi hans skal gefa út heimild til vinnu í lokuðu rými. Heimildin skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

- Rýmið skal hafa verið loftræst og loftræsting tryggð á meðan unnið er.
- Mæla skal súrefni og gas við upphaf vinnu.
- Nota skal viðeigandi persónuhlífar.
- Öryggisbelti og lína skal vera fyrir hvern starfsmann.



Reglurnar (nr. 429/1995) fást hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðunni.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is

